

Forvarnarstarf á vinnustöðum skiptir öllu máli

Eitt af því mikilvægasta í starfi Vinnueftirlitsins er að vera fræðandi og styðja við starf allra þeirra fjölmörgu sem vinna að framþróun vinnuverndar á hinum ýmsu vinnustöðum. Þetta er í samræmi við meginmarkmiðin í 1. gr. vinnuverndarlaganna og eins ákvæði þeirra um verkefni Vinnueftirlitsins. Stofnunin rækir þetta hlutverk með ýmsu móti svo sem umfangsmiklu námskeiðshaldi, ráðstefnum, fyrirlestrum og útgáfu leiðbeiningaefnis, bæði prentuðu og á vef sínum. Með útgáfu rafræns fréttabréfs er nú einkum ætlunin að styrkja tengslin við þessa aðila enn frekar.



Eyjólfur Sæmundsson

Í október 1984 var hleypt af stokkunum „Fréttabréfi um Vinnuvernd“ og kom það að jafnaði út fjórum sinnum á ári, en síðar var dregið úr útgáfunni uns hún loks stöðvaðist vegna fjárskorts. Við fengum iðulega mjög jákvæð viðbrögð þegar ný töluböð komu út og greinilegt að fólk kunni að meta þetta blað. Það er von mín að ekki takist síður til með þetta nýja rafræna fréttabréf.

Eyjólfur Þór Sæmundsson forstjóri

Kæri viðtakandi

Nú þegar fréttabréf Vinnueftirlitsins er komið á rafrænt form mun dreifing á því fara fram í gegnum sérstakan póstlista Vinnueftirlitsins en á hann geta menn skráð sig neðst á heimsíðu okkar, <http://vinnueftirlit.is>, eða með því að fara á slóðina

<http://www.vinnueftirlit.is/skraning-a-postlista/>

Við hvetjum þig til að skrá þig á póstlistann svo þú fáir fréttabréfið frá okkur í framtíðinni og endilega sendu það á samstarfsmenn þína svo þeir geti einnig skráð sig ef áhugi er fyrir hendi.

Þjóðfundur um stefnumótun í vinnuvernd 2014 - 2020



Í vinnuverndarvikunni 21.-25. október 2013 var haldin ráðstefna um stefnumótun í vinnuvernd á Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var með þjóðfundarsniði en markmið hennar var að kalla eftir áherslum í vinnuvernd frá sem flestum aðilum á íslenskum vinnumarkaði. Þátttakendur voru um 180 manns, m.a. fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja, stofnana, ráðuneyta, þjónustuaðilar og sérfræðingar í vinnuvernd, starfsmenn Vinnueftirlitsins o.fl.

Sjá nánar: <http://vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/nr/1101>

Pórunn Sveinsdóttir ráðstefnustjóri

60 slösuð börn í vinnuslysum árið 2013

Á síðastliðnu ári slösuðust 60 börn við vinnu sína skv. vinnuslysaskrá. Börn og ungmenni eru skilgreind 17 ára og yngri í reglugerð um vinnu barna og ungmenna. Þetta er sérstakt áhyggjuefni þar sem börn eiga ekki að vinna hættuleg störf. Á sama tíma og það er jákvætt að börn kynnist atvinnulífinu þá verðum við að taka á okkur rögg og gera það með þeim hætti að heilsu barna sé ekki stefnt í voða.

Þegar horft er til þess að um 30% vinnuslysa verða fyrir 30 ára aldur, þá kallar það á að vinnumarkaðurinn í heild sinni, atvinnurekendur, launþegar, skólar og stjórnvöld hugi að því hvað má gera til að koma í veg fyrir að ungt fólk slasast í vinnu. (KT)

Sjá nánar: <http://vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/nr/1122>

Vel sótt ráðstefna um forvarnir

Um 180 manns tóku þátt í ráðstefnu Vinnueftirlitsins og VÍS í Hofi á Akureyri þann 2. apríl sl. Þátttakendur komu frá Norður- og Austurlandi og úr ýmsum greinum atvinnulífsins. Þetta er í fyrsta skipti sem slík ráðstefna er haldin utan höfuðborgarsvæðisins en þar hefur sambærileg ráðstefna verið haldin árlega frá 2010.

Á ráðstefnunni í Hofi sagði Kristján Guðmundsson frá því þegar hann slasaðist við löndun, lét næstum lífið og hvernig vinnuveitandinn brást við í kjölfarið með úrbótum á vinnu- lag. Fulltrúar Vinnueftirlitsins fjölluðu um vinnuslys frá ýmsum hliðum. Meðal annars kom fram að undanfarin 6 ár hafi 32 orðið óvinnufærir til frambúðar eftir fall á jafnsléttu. Konum er hættar að lenda í þessum slysum en körlum og eru þetta einu vinnuslys sem það á við um. Einnig var fjallað um eigið eldvarnareftirlit fyrirtækja og stofnana, vinnuvernd, skipulag öryggismála hjá sveitarfélögum, öryggismál og forvarnir til sjós.

Dagsetningar á næstu námskeiðum eru á heimasíðunni!

<http://vinnueftirlit.is/fraedsla/dagsett-namskeid/>

Mun Kristjánsbúrið koma til með að fækka slysum?



Vinnuslys varð í maí 2011 við löndun úr skipi á Dalvík þegar stæða af fiskikerum hrundi yfir löndunarstarfsmann sem slasaðist alvarlega. Þegar slysið varð

var búið að krækja í neðsta karið í stæðunni sem hífa átti upp úr lest skipsins og hífa stæðuna um einn metra frá lestargólfinu. Í framhaldi af slysinu fór í

Námskeiðin 2014

Námskeið Vinnueftirlitsins eru á fullu skriði nú á vordögum. Að venju er boðið upp á mikla fjölbreytni námskeiða. Mjög mörgum námskeiðum má breyta eða steypa saman eftir nánara samkomulagi og óskum hverju sinni.

Vert er að vekja athygli á nýju námskeiði sem haldið var í mars og heitir „**Hönnun og vinnuvernd.**“ Á námskeiðinu er fjallað um mikilvægi vinnuverndar strax á hönnunarstigi.

Komið er inn á vinnuvernd við hönnun á byggingum, vélum, verkfærum og fleiru. Lögð er áhersla á samvinnu og tengsl í vinnuverndarstarfinu milli öryggisnefnda og hönnuða.

Stefnt er að því að halda námskeiðið árlega.

Nánari upplýsingar um [námskeið Vinnueftirlitsins](http://vinnueftirlit.is) má fá á vefsíðu stofnun-

Myndband um Kristjánsbúrið og notkun þess:

<https://youtu.be/puZITqkfpU>

gang vinna sem leiddi af sér svokallað Kristjánsbúr.

Sjá nánar á: <http://vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/nr/1148>

Sænskur dómur vegna eineltis

Þann 4.mars 2014 féll dómur í Svíþjóð þar sem yfirmenn voru dæmdir fyrir að bregðast ekki við þrátt fyrir að vita af einelti. Þeir voru í framhaldinu dæmdir sekir um að hafa brotið vinnuverndarlögin með því að grípa ekki til aðgerða til þess að bæta vinnuumhverfi starfsmannsins. **Sjá nánar:** <http://vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/nr/1140>



Fréttabréf um vinnuvernd • 1. töl. 26. árg. apríl 2014 | Útgefandi: Vinnueftirlitið | Aðalskrifstofa: Bildshöfða 16, 110 Reykjavík

Sími: 550 4600 | Fax: 550 4610 | Netfang: vinnueftirlit@ver.is | Vefang: www.vinnueftirlit.is | Ritstjóri: Inghildur Einarsdóttir

Ljósmyndir: Starfsmenn Vinnueftirlitsins sé annars ekki getið. | Svæðisskrifstofur eru á Akureyri, Egilsstöðum, Hveragerði og í Reykjavík